



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 8. febrúar, 2010

Ákvörðun nr. 2/2010

Samruni Atafls. ehf. og Ris ehf.

Með bréfi, dags. 9. desember 2009, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Ris ehf. og Atafls ehf. og stofnun félagsins AR-verks sem ætlað var að yfirtaka starfsemi verktakafyrirtækjanna ásamt starfsemi systurfélaganna Grandabráar 2 ehf. og Múr- og terrazzalagna ehf. Fullnægði tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum.

Atafl ehf. er alhliða verktaki sem starfar víðsvegar um landið. Verkefni félagsins eru margskonar en skv. samrunaskrá er sérgrein fyrirtækisins mannvirkjagerð, viðhald og endurnýjun bygginga. Ris ehf. er alhliða byggingarfyrirtæki sem sinnir mannvirkjagerð auk þess að byggja og selja íbúðir fyrir eigin reikning. Ris ehf. hefur byggt og afhent rúmlega 80 íbúðir í Kópavogi og Garðabæ á undanförnum 5 árum. Fyrirtækin starfa því á sama markaði.

Stofnun félagsins AR-verks telst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Um er að ræða láréttan samruna þar sem saman renna fyrirtæki sem starfa á sama framleiðslu- eða sölustigi.

Samkvæmt samrunaskrá telja samrunaaðilar að samanlögð markaðshlutdeild þeirra sé um 5% á verktakamarkaði í heild sinni. Þeir telja enn fremur að samanlögð markaðshlutdeild þeirra sé 3,5-5% á markaði fyrir byggingu og sölu á nýju íbúðarhúsnæði og 1-3% á markaði fyrir byggingu og sölu á nýju atvinnuhúsnæði og mannvirkjagerð. Athugunar Samkeppniseftirlitsins benda til þess að mat samrunaaðila sé nærri lagi hvað markaðshlutdeild varðar. Fjölmargir aðilar starfa á verktakamarkaði. Flestir hafa þeir lága veltu miðað við heildarumfang markaðarins á umliðnum árum.

Með hliðsjón af öllu því sem að framan er rakið og atvikum öllum í máli þessu telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.



Ákvörðunarorð:

„Stofnun félagsins AR-verk ehf. um starfsemi verktakafyrirtækjanna Atafis ehf. og Ris ehf. ásamt starfsemi systurfélaganna Grandabráar 2 ehf. og Múr- og terrazzolagna ehf. telst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson